

Fundargerð Aðalfundar Oddafélagsins 2013

Haldinn í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu miðvikudaginn 27. febrúar 2013.

8 voru mætt á fundinn.

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Hann flutti kveðjur frá félögum sem sent höfðu kveðju og ekki gátu komist á fundinn, það voru: Sveinn Runólfsson, Sverrir Magnússon, Skúli Jón Sigurðsson, Birgir Jónsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Böðvarsson, Guðmundur Sæmundsson, Jón Þórðarson og Sigrún Ólafsdóttir.

Formaður lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Helstu aðgerðir á árinu og starfsáætlun næsta árs. Greingargerð formanns.
2. Reikningar og félagatal. Greinargerð gjaldkera.
3. Umræður um greinargerðir formanns og gjaldkera.
4. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
5. Árgjald fyrir næsta starfsár.
6. Oddastefna 25. maí 2013
7. Önnur mál.

1.

- Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn á sama stað og nú 22. febrúar 2012.
- Greint var frá Sæmundarstund sem haldin var hjá Sæmundi á selnum við Háskóla Íslands á vorjafndægum 20. mars 2012. Stefnt er að því í samvinnu við Stúdentaráð að gera þessa stund að árlegum viðburði og hefur formaður verið í sambandi við Stúdentaráð. Í ár mun kennarasvið sjá um samverustundina sem búið er að skipuleggja og verður hún 20. mars.
- Formaður sagði frá síðustu Oddastefnu sem haldin var í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu sunnudaginn 20. maí 2012. Liðlega 50 manns sóttu málþingið. Þá var Freysteins safn formlega opnað með bókasafni því sem Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur ánafnaði félaginu. Ætlunin er að tengja bókasafnið Landsbókasafni.
- Goðasteinn 2012 var lagður fram en í honum eru fjögur erindi frá Oddastefnu.
- Formaður bar upp hvort tímabært væri að breyta fyrirkomulagi Oddastefnu og hafa í stað hennar Oddadag í Odda og þar kæmi að einhvers konar framkvæmdastjóri heima í héraði. Hvatti fundurinn til þess að halda áfram með Oddastefnu þó tengja mætti hana nánar við Odda með því t.d. að fara eftir Oddastefnu í ferð í Odda. Var óskað eftir því að undirbúningur væri áfram í höndum stjórnar.
- Rætt var um hvort aftur ætti að setja á fulltrúaráð í félaginu, ákveðið að gera það ekki.
- Hugmyndir um framtíðar Sæmundarvelli voru ræddar og greindi Guðbjörg frá því að kominn væri á ný skriður á landskipti hinna svokölluðu Oddatorfu. Var þessum fregnum fagnað.
- Formaður spurði hvort félagið ætti að koma sér upp heimasíðu. Bauðst Guðbjörg til að kanna möguleika þess að félagið yrði með sérstakan hlekk inn á heimasíðu Oddaprestakalls.
- Formaður þakkaði stjórninni gott samstarf og öllum félögum fyrir áhuga á félaginu.

2.

B. Íris Björk Sigurðardóttir gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir 2012.

Tekjur félagsins 36.656.- en gjöldin 66.287.- Tap af rekstri félagsins var því 29.631. Eign félagsins á bankareikningi er 112.894.- Stærsti útgjaldaliður félagsins á liðnu ári voru kaup á bókahillum fyrir bókasafn félagsins.

3. Skýrslu formanns og reikninga félagsins samþykkti fundarfólk samhljóða.
4. Stjórn félagsins var endurkjörin sem og skoðunarmenn reikninga.
5. Ákveðið var að hafa sama árgjaldið og verið hefur, 1.000.-. Hjón greiða eitt gjald.

6. Umræður spunnust um Oddastefnu. Var fundarfólk sammála um að byrja í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu 25. maí 2013. Spurt var hvort ekki væri gaman að fá erindi um Snorra Sturluson. Var þá minnt á að Óskar Guðmundsson rithöfundar hefði að vísu flutt langt erindi um Snorra fyrir nokkrum árum. Enduðu umræður með því að formaður var beðinn að ræða við Einar Kárason rithöfund og falast eftir erindi hjá honum um samtíma Snorra, gjarnan með sagnaskáldið í brennidepli. Stefnt yrði að hafa erindin fá að þessu sinni, ef til vill aðeins 1-2 í viðbót, þannig að meiri tími verði fyrir umræður – og samræður. Seinna um daginn, Oddastefnudaginn, myndi leikurinn færast í Odda þar sem mögulega væri flutt tónlist og gengið um staðinn. Sömu leiðis kom fram ósk um að fjalla um Matthías Jochumson á Oddastefnu. Verður það skoðað frekar, upp á seinni tíma.

Gert var hlé á fundinum og kaffiveitingar bornar fram í boði Héraðsnefndar Rangæinga og eru nefndinni færðar þakkir fyrir veitingarnar.

8. Rætt var um önnur mál félagsins yfir kaffisopanam en ekkert sem bóka þurfti í fundargerð. Þakkaði formaður fólki fundarsetuna og var fundi slitið kl. 18:00.

Guðbjörg Arnardóttir
ritari Oddafélagsins

Aðrir í stjórn: Þór Jakobsson, Drífa Hjartardóttir, Íris Björk Sigurðardóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birgir Jónsson og Helgi Þorláksson.